

**Nd.**

**529. Nefndarálit**

**[132. mál]**

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og haft samráð við menn úr landbúnaðarnefnd efri deildar um afgreiðslu þess. Þá hafa og legið fyrir nefndinni tillögur frá búnaðarþingi um málið.

Samkomulag er um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með allverulegum breytingum, sem nefndin flytur tillögur um á sérstöku þingskjali. Hníga þær í aðalatriðum að því að lækka þær fjárkröfur, er frumvarpið gerir á hendur ríkissjóði. Er nefndinni að vísu ekki sársaukalaust að flytja tillögur í þá átt, en vegna þess ástands, sem nú er ríkjandi, og þess, hvernig horfurnar eru, hefur þó orðið samkomulag um þetta, með fram vegna þess, að nefndarmenn leggja meira kapp á að tryggja bændastéttinni áframhaldandi aðgang að lánsfé en ríkisframlögum, þótt nauðsynleg séu. Eitt nýtt ákvæði leggur þó nefndin til að taka inn í frumvarpið til hækkunar, en það er framlag til súgþurrkunarkerfa í þurrheyslöður. En þar á móti leggur hún til að fella niður framlög til búvélageymslna og garðávaxtahúsa úr öðru efni en steinsteypu. — Einn nefndarmaður var fjarverandi, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi, 29. marz 1955.

Ásgeir Bjarnason,  
form.

Jón Sigurðsson,  
fundaskr.

Jón Pálmason,  
frsm.

Gunnar M. Magnúss.